



Borgarráð

Gröndalshús - endurgerð

Óskað er eftir heimild borgarráðs um að haldið verði áfram með endurgerð Gröndalshúss þrátt fyrir aukna kostnaðarþörf vegna skemmda og galla í húsinu sem komu í ljós þegar vinna hófst á ný í húsinu. Ófjármagnaður hluti framkvæmda er áætlaður 20 milljónir kr. sem kemur til framkvæmda 2017.

Eftir að framkvæmdir hófust að nýju við endurgerð Gröndalshúss hafa komið í ljós alvarlegar skemmdir og gallar í húsinu sem munu fela í sér mikinn kostnaðarauka. Samkvæmt uppfærðri kostnaðaráætlun má gera ráð fyrir að kostnaður muni aukast um 30 milljónir króna við endurgerð hússins. Ófjármagnaður hluti framkvæmdanna er áætlaður 20 milljónir króna sem kemur til framkvæmda 2017.

Ástæður þessa mikla kostnaðarauka eru aðallega sem hér segir:

1. Þegar klæðning í lofti við þak var opnuð kom í ljós að þakið er byggt upp með krossviðarklæðningu undir þakpappa. Leki hefur verið í þakinu auk þess sem húsið hefur staðið óupphitað í nokkur ár þannig að raki hefur á köflum verið mikill í húsinu. Þetta hefur leitt til þess að allnokkur mygla hefur myndast víða í krossviðarklæðningunni. Nauðsynlegt er að fjarlægja bárujárnsklæðningu þaks og endursmíða þakklæðningu undir þakpappa með hefðbundinni borðaklæðningu, setja yfir nýjan þakpappa og endurleggja svo bárujárnsklæðningu ofan á. Almenn er talið í dag að krossviðsklæðningar séu óheppilegt byggingarefni í þaki vegna hættu á myglu.
2. Útveggir hússins voru mun óþéttari en gert var ráð fyrir og nauðsynlegt er að klæða útveggi inni í burðargrind veggja áður en veggir eru einangraðir og frágengnir að innanverðu.
3. Gler í gluggum hússins hefur losnað og nauðsynlegt reynist að yfirfara alla glerjun hússins.
4. Burðarvirki milligólfs 1.hæðar reyndist mun veigaminna en áætlað var og í stað styrkinga og takmarkaðrar endurnýjunar reynist nauðsynlegt að endurbyggja allt burðarvirki gólfsins svo nægur styrkur fáið fyrir þann þunga sem fyrirhuguð notkun felur í sér.
5. Einhverra breytinga er þörf til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að húsinu en ekki hafði verið tekið tillit til þessi í fyrri áætlunum.

Í raun má segja að það eina sem ekki þarf að endurera í húsinu sé utanhússklæðning þess. Ástæður þessa virðast fyrst og fremst vera vegna þess hve lengi húsið stóð óupphitað úti á Granda auk þess sem megnið af þeirri endurnýjun sem framkvæmd var á árunum 2007 – 2009 virðist ekki hafa verið nægilega vönduð.

Borgarstjórn samþykkti þann 15. desember 2015 að Gröndalshús yrði gert upp og nýtt af Menningar og ferðamálasvið. Þá hljóðaði kostnaðaráætlun upp á 40 milljónir króna. Búið er að framkvæma í dag fyrir 7,1 milljón kr. frá því að endurgerð hófst um síðustu áramót. Fjárheimild samkvæmt gildandi fjárfestingaráætlun fyrir verkið nemur 50 milljónum kr. Miðað við núverandi framkvæmdahraða er ljóst að kostnaðarauki umfram fjárheimildir mun koma til greiðslu á næsta fjárhagsári.

